

an með briminu spölkorn í átt til lands, en þá festist vírinn frá henni í botni.“

### Háskaför út á rífið

„Við á „Sigurfara“ höfðum nú sótt línubyssuna og snerum þegar aftur og komum okkur fyrir við stjóra á milli brimgarðsins og lands, eins nærri brimgarðinum og við þorðum. Þar var skotið af línubyssunni, en árangurslaust, eins og ég sagði. En þegar hér var komið sögu voru tvö fjögurra manna för sem við í Stafneshverfi höfðum yfir að ráða komin á vettvang. Annað átti Metúsalem Jónsson, faðir minn, en hitt átti Guðjón Eilífsson og fór svo að þau skiptu sköpum við björgunina.

Baujuna hafði rekið út á mitt rífið. En ekki var viðlit að nota vélbátinn til þess að sækja hana, eins og aðstæður voru. Þess í stað fórum við í land og sóttum annað fjögurra manna farið, og gekk Guðmundur, sem var formaður á vélbátnum og segja má að hafi stjórnað öllum björgunaraðgerðum, þannig frá því að það átti ekki að geta sokkið — bæði með því að festa við það röð af belgjum og setja undir kjöl á því. Gáfu sig sex menn fram til þeirrar háskafaferðar að sækja baujuna: Þeir voru bræðurnir Guðjón og Daði Eilífssynir, Steingrímur Jónsson frá Tjörn, Jóhannes frá Gauksstöðum, og bræðurnir Jón og Stefán Jóhannssynir. Fjórir af þeim reru bátnum og Jóhannes stýrði. Þeir höfðu með sér kaðal til þess að festa við baujuna og var hinn endi kaðalsins um borð hjá okkur í vélbátnum, en við héldum okkur á hylnum milli rífsins og lands, sem fyrr segir.

Ekki hafði enn tekist að ná baujunni þegar tveir mannanna á hvalbaknum köstuðu sér í sjóinn, með nokkru millibili þó. Þeir á fjögurra manna farinu sneru til móts við þá og tókst svo giftusamega til að þeir náðu báðum lifandi upp í bátinn. Þar fór betur en á horfðist, því mennirnir tveir hefðu aldrei haft það af að synda til lands. Af litla bátnum var þessum skipbrotsmönnum svo komið um borð í vélbátinn til okkar og



Undir Stafnesvita, en hann var rétt nýlega reistur þegar „Jón forseti“ strandaði.

fórum við með þá upp að klöppunum, en þar beið þá læknir, Helgi Guðmundsson úr Keflavík, ásamt fjölda manns. Þar á meðal voru menn úr Reykjavík, en fregnin hafði þá þegar flogið þangað og víðar. Að því búnu héldum við á vélbátnum aftur út á hylinn.

Björgun þessara tveggja manna hafði tafið tilraunir til þess að ná baujunni, en nú sneru menn sér ótrauðir að því verki og voru þeir ákaflega lengi að berjast út að baujunni, enda fyllti bátinn næstum strax og þeir voru stöðugt að taka niðri. En um síðir tókst þeim að handsama hana og binda við hana kaðalinn. Hnúttinn batt Stefán — og hans hnúttar biluðu ekki.“

### Alvarlegt áfall — taugin slitnar

„En nú höfðu aðstæður batnað mikið þar sem tógi hafði verið komið út í togaran og tóku nú þeir sem um borð í honum voru, ellefu menn, að draga árabátinn út til sín yfir rífið. Þetta tókst en reyndist miklum erfiðleikum bundið, því auðvitað fyllti bátinn á leiðinni og hann var ekki léttur í drætti. En þegar búíð var að festa bátinn við síðu togarans og fjór-

ir af skipbrotsmönnum höfðu komist niður í hann, var hann orðinn svo þungur að ekki var um annað að ræða en draga hann í átt til lands. Gekk það giftusamega og var þeim komið um borð í vélbátinn.

Báturinn var þegar dreginn út að nýju og veittist skipbrotsmönnum það nú erfiðara, því þeir voru nú fjórum færri um dráttinn, eða sjö menn. Náðu þeir honum ekki jafn nálægt togaranum og áður, en þó komust tveir menn niður í hann. Þá var slík ókyrrð við skipið að ekki var um annað að ræða en láta bátinn lausan og voru þessir tveir dregnir að vélbátinum og gekk það vel. En nú var báturinn orðinn svo laskaður að ekki var um annað að ræða en taka hinn árabátinn og var hann útbúinn með belgjum og öðrum varnarbúnaði eins og sá fyrri.

Það með voru aðeins fimm menn eftir um borð í togaranum til þess að draga bátinn út og gekk það að vonum mjög seint og illa. Báturinn komst nú ekki jafn nærri og í tvö fyrri skiptin og komst sá sem fyrstur stökk um borð í hann með miklum erfiðleikum. En ekki hafði hann fyrr náð að komast um borð en ólag reið yfir og taugin slitnaði. Vonbrigði manna voru ólýsanleg — en ekki var um annað að ræða en að draga bátinn til lands með þennan eina mann.

Þeir voru nú aðeins fjórir eftir á hvalbaknum og þar sem annað virtist vonlaust tóku þrír af þeim þá áhættu að stökkva í sjóinn og reyna að synda til lands. Fyrsti maðurinn sem stökk hafði ekki gæfuna með sér: hann komst aðeins skamman spöl, en hvarf þá í brimrótið og sást ekki meir. Hann hafði tekið af sér beltið og var mér síðar sagt að hann hefði verið besti sundmaðurinn um borð og hefur ætlað að treysta á sundmennsku sína. Sá næsti sætti lagi að varpa sér á stóra öldu og láta hana bera sig sem næst landi og tók þá sundtökin. Til allrar hamingju heppnaðist þetta, hann náði að bátinum og var bjargað um borð í hann. Þessi maður var Frímann Helgason, síðar þekktur ípróttufréttaritari, og man ég hve hann var hress og bar sig vel, þegar hann kom upp í bátinn.